


---

# Kortalausnir fyrirtækja

---





# Aukið hagræði og betri yfirsýn

**Kortalausnir Landsbankans** einfalda innkaup og umsýslu reikninga fyrir fyrirtæki og stofnanir. Þannig má öðlast betri yfirsýn, hagræði í rekstri eykst og kostnaðarvitund starfsmanna verður meiri.

## Innkaupakort

- » Engin árgjöld eða færslugjöld
- » Hentar vel til kaupa á rekstrarvörum og þjónustu
- » Má nota hjá öllum söluaðilum sem taka kort, innanlands og erlendis

## Viðskiptakort

- » Hægt er að tengja Viðskiptakort Vildarklúbbs Ícelandair og þannig safna korthafar vildarpunktum
- » Kortið hentar vel þeim sem ferðast fyrir hönd fyrirtækja eða stofnana
- » Öflugar ferðatryggingar og fríðindi á ferðalögum

## Færsluvefur

- » Birtir allar færslur Innkaupakorta og Viðskiptakorta
- » Hægt er að bókhaldsmerkja allar færslur
- » Hægt er að færa færslur rafrænt í bókhald

# Innkaupakort

---

**Innkaupakort Landsbankans** er ókeypis kreditkort, ætlað til kaupa á rekstrarvörum og þjónustu sem og til greiðslu á reglulegum útgjöldum.

---

---

## Visa og MasterCard Innkaupakort

Landsbankinn býður upp á Innkaupakort frá Visa og MasterCard. Innkaupakort má nota hjá öllum söluaðilum sem taka á móti kreditkortum og í vefverslunum, bæði hérlendis og erlendis.

Tilvalið er að nota Innkaupakort til að greiða fastan kostnað með boðgreiðslum, s.s. síma- og orkureikninga. Fyrirtæki geta jafnframt stýrt notkun kortsins, m.a. við úttekt hjá ákveðnum birgjum, stýrt notkun erlendis eða sett hámark á mánaðarlega úttekt. Peningaúttektir eru ekki mögulegar.

---

## Lengri greiðslufrestur eða Plúskort

Kortatímabil Innkaupakorta er almanaksmánuður. Gjaldldagi er 15. næsta mánaðar hjá Visa en gjalddagi MasterCard korta er 25. næsta mánaðar.

Fyrirtæki geta einnig valið að vera með fyrirframgreitt Innkaupakort, eða svokallað Plúskort. Þá er greitt inn á kortið fyrirfram en að öðru leyti virkar það eins og venjulegt kreditkort.

# Viðskiptakort

---

**Viðskiptakort Landsbankans** er sérlega hentugt fyrir þá sem ferðast fyrir hönd fyrirtækja og stofnana. Korthafar fá öflugar ferðatryggingar og fríðindi tengd ferðalögum.

---

---

## Öflugar ferðatryggingar

Landsbankinn býður fjölbreytt úrval Viðskiptakorta frá Visa og MasterCard. Kortin hafa að jafnaði háa úttektarheimild og þeim fylgja öflugar ferðatryggingar. Kortunum fylgja einnig bílaleigutryggingar sem getur sparað talsverðar fjárhæðir á ferðalögum.

## Fríðindi

Hægt er að tengja kortin við Vildarklúbb Icelandair og safna þá korthafar vildarpunktum í Vildarklúbbi Icealandair. Korthafar fá jafnframt PriorityPass sem veitir aðgang að betri biðstofum á um 500 flugvöllum um allan heim, gegn gjaldi.

## Tvenna

Handhafi Viðskiptakortsins getur fengið niðurfellt árgjald af kreditkorti til eigin nota, og þannig haldið fjárhag fyrirtækisins aðskildum frá eigin fjárhag.

Handhafar Gull Viðskiptakorta geta fengið frítt Gullkort fyrir sig persónulega og þeir korthafar sem velja Corporate vildarkort fá Einkakort frá MasterCard.

---

# Færsluvefur

---

**Færsluvefir MasterCard og Visa** birta allar færslur

---

Innkaupakorta og Viðskiptakorta strax daginn eftir kaup.

---

Á færsluvefnum er hægt að bókhaldsmerkja allar færslur og flytja í fjárhagskerfið.

---

---

## Góð yfirsýn

Færsluvefir MasterCard og Visa veita góða yfirsýn yfir allar kortafærslur Innkaupakorta og Viðskiptakorta sem eykur kostnaðarvitund starfsmanna.

Góðar aðgangsstýringar eru mögulegar þannig að korthafi sjái aðeins eigin færslur, deildarstjóri sjái færslur á öll kort deildarinnar og fjármálastjórinn færslur á allt fyrirtækið.

---

## Sjálfvirkar bókanir

Færsluvefurinn er settur upp sérstaklega til að mæta þörfum hvers fyrirtækis og endurspegla fjárhagskerfi þess.

Á færsluvefnum eru færslurnar bókhaldsmerktar og geta fyrirtæki sjálf skilgreint færslur til að þær bókest sjálfkrafa þar.

---

## Færslur fluttar í bókhald

Þegar búíð er að bókhaldsmerkja allar færslur á færsluvefnum eru þær fluttar rafrænt í fjárhagskerfið.

Tenging er möguleg í öll helstu fjárhagskerfi sem eru í notkun hér á landi eins og DK, Microsoft Dynamics NAV, Microsoft Dynamics AX, SAP, Oracle o.fl.

---



## Kynntu þér kortalausnir Landsbankans á [landsbankinn.is](https://landsbankinn.is)

---

Hringdu í síma 410 4040 eða hafðu samband við fyrirtækjasérfræðing í næsta útibúi Landsbankans.

---